

24. marz 1972.

161

Nr. 65.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 207 30. september 1966,
um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 1. gr. reglugerðarinnar bætist:
Svo og Mýrahreppi og Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu, og á svæðinu milli Skjálfandafljóts og Jökulsár á Fjöllum.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt 44. gr. laga nr. 23 frá 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. marz 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

29. marz 1972.

Nr. 66.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá um póstburðargjöld frá 25. júní 1971.

Í liðnum „Bréf“ skulu í stað talnanna 7, 14, 21, 30 og 120 í dálkunum „Innanlands“ og „Norðurlönd“ koma tölurnar 9, 18, 27, 40, 160.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar breytast ekki.

Gjaldskrárbreyting þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 og tekur gildi 1. apríl 1972.

Samgönguráðuneytið, 29. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfr Ingólfsson.